

Breytingar á lögum, álestrartímabil o.fl.

Með lögum nr. 83/1998 voru felld úr gildi lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu sem taka áttu gildi 1. janúar 1999. Oliugjald verður því ekki að veruleika.

Samhliða voru samþykktar þær breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar að fella úr gildi afsláttarreglur laganna, þ.e. um 10%, 20%, 30% og 50% afslátt af þungaskatti innheimtum samkvæmt öikumæli sem fellur á akstur vöruflutningabifreiða og eftirvagna eða annarra bifreiða. Þessi breyting var gerð vegna úrskurðar Samkeppnisstofnunar um að gildandi afsláttarreglur striddu gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Í stað niðurfellingar afsláttarins er gjaldskrá ökutækja með skráða gjaldþyngd á bilinu 4.000 kg til 13.999 kg lækkuð um 5% og ökutækja með skráða gjaldþyngd á bilinu 14.000 kg til 31.000 kg og yfir um 30%. Á ökutæki á bilinu 14.000 kg - 31.000 kg

og yfir verður lagt á fast árgjald að fjárhæð kr. 100.000 kr. Fasta árgjaldinu er skipt í þrennt og eru gjaldtímabilin þau sömu og í kílómetragjaldinu, sem þýðir að þann 11. febrúar er lagt á fast gjald að fjárhæð kr. 33.333.-, þann 11. júní að fjárhæð kr. 33.333.- og þann 11. október að fjárhæð kr. 33.334.-.

Tekið skal fram að ofangreindar breytingar á afsláttarkerfinu, gjaldskránni og fasta árgjaldinu taka gildi frá fyrsta gjaldtímabili 99-01, þ.e. frá og með 11. október 1998. Hafa þessar breytingar því ekki áhrif á afsláttarreglur fyrir gjaldtímabilin 98-02 og 98-03. Er eigendum ökutækja sem njóta afsláttar bent á að mæta á réttum tíma í álestur svo að þeir nýti til fulls rétt sinn til afsláttar.

Hin nýja gjaldskrá kílómetragjalds frá 11. október 1998 verður sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald, kr.
4.000-4.999	6 ,74	18.000-18.999	12 ,95
5.000-5.999	7 ,16	19.000-19.999	13 ,94
6.000-6.999	7 ,74	20.000-20.999	14 ,69
7.000-7.999	8 ,13	21.000-21.999	15 ,53
8.000-8.999	8 ,48	22.000-22.999	16 ,51
9.000-9.999	8 ,86	23.000-23.999	17 ,30
10.000-10.999	9 ,41	24.000-24.999	18 ,08
11.000-11.999	9 ,76	25.000-25.999	18 ,96
12.000-12.999	10 ,99	26.000-26.999	19 ,80
13.000-13.999	12 ,02	27.000-27.999	20 ,69
14.000-14.999	9 ,80	28.000-28.999	21 ,57
15.000-15.999	10 ,55	29.000-29.999	22 ,44
16.000-16.999	11 ,39	30.000-30.999	23 ,32
17.000-17.999	12 ,22	31.000 og yfir	24 ,21

Álestrartímabil/áætlun/kæra/sekt

Álestrartímabil 3. gjalddímabils 1998 er 20. september - 10. október nk. Gjald dagi er 11. október 1998 og eindagi 31. október s.m. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki til álestrar á álestrartímabilinu áætlar ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjalddímabili. Áætlun þungaskatts vegna fólksbífreidda skal þó vera 8.000 km.

Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga (í kærufresti) frá lokum álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Ef mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutæki til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

Mæti eigandi eða umráðamaður með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar (kærufestur) eru liðnir frá lokum álestrartímabils beitir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum sem hækka eftir því sem lengra liður frá lokum álestrartímabils.

Ef 1 vika er liðin frá því

að kærufrestur rann út:kr. 5.000

Ef 2 vikur eru liðnar frá því

að kærufrestur rann út:kr. 7.500

Ef 3 vikur eru liðnar frá því

að kærufrestur rann út:kr.10.000

Ef 4 vikur eru liðnar frá því

að kærufrestur rann út:kr.12.500

Ef 5 vikur eða fleiri eru liðnar

frá því að kærufrestur rann út:kr.15.000

Hver byrjuð vika reiknast sem heil vika.

Skráning á akstri í akstursbók/sekt

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók.

- Ef ökuriti er notaður sem öikumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar öikumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraða-mælis daglega en kílómetrastöðu öikumælisins vikulega.
- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru öikumælum, sem ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskattstjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum og hafa sektir verið ákveðnar eftirfarandi:

1. Akstur ranglega færður:

- fært vikulega
en á að færa daglegakr. 5.000
- fært mánaðarlega
en á að færa daglegakr.10.000
- færð inn km-staða hraðamælis
en ekki öikumæliskr. 7.500
- færð inn km-staða öikumælis
en ekki hraðamæliskr. 5.000

Fyrir ítrekuð brot má gera ráð fyrir hækkun sekta.

2. Akstur ekki færður:

- Fyrir ökutæki sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki nýttar í atvinnurekstri skal sekt vera að lágmarki 10.000 kr.
- Fyrir önnur ökutæki skal sekt vera að lágmarki 15.000 kr.
- Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækka um 5.000 kr. í hvert sinn, í allt að 50.000 kr.